

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 89/1915

Karl Olgeirsson

f. h. Edinborgarverzlunar

gegn

Péttri Oddssyni og Friðriki Ólafssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Karl Olgeirsson verzlunarstjóri, fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg á Ísafirði, fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar, gegn stefndu, Péttri Oddssyni kaupmanni í Bolungarvík og Friðriki Ólafssyni bónda á Ósi, út af skuld fyrir útteknar vörur í reikning vélbátsins Guðbjörg í Bolungarvík, að upphæð kr. 741, 42. Lauk málinu svo fyrir gestaréttinum, að hinir stefndu voru dæmdir til að greiða áfrýjanda f. h. Edinborgarverzlunar 219 kr. 32 aura með 5% árs-vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. desbr. f. á. og krafist þess, að hinir stefndu verði dæmdir til in solidum að greiða umstefnda úttektarskuld, 741 kr. 42 aura með 6% ársvöxtum frá 20. ágúst 1914 til greiðsludags, og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Hinir stefndu hafa ekki mætt í yfirdómnum eftir áfrýjunarstefnunni, þótt þeim hafi verið löglega stefnt.

Við 1. fyrirtekt málsins fyrir gestaréttinum mætti yfirréttarmálaflutningsmaður Guðmundur Hannesson, fyrir hönd áfrýjanda, svo og hinir stefndu sjálfir. — Eftir að stefna og sóknarskjöl höfðu verið lögð fram

var sátta leitað árangurslaust «milli málsparta», eftir því sem segir í dómargerðunum, en þar sem þess er hvergi getið að sækjandi Karl Olgeirsson hafi sjálfur mætt við sáttaumleitunina fyrir réttinum, verður að skilja bókunina fyrir gestarétti þannig, að umgetinn málaflutningsmaður hafi mætt við sáttaumleitunina fyrir hönd sækjanda. Þar sem það er bannað í 25. gr. tilsk. 20. jan. 1797 um sættastiftanir, að senda málaflutningsmenn á sáttanefndarfundi, og þar sem þetta fyrirmæli eftir eðli sínu gildir einnig um sátta-tilraunir fyrir gestarétti, verður sáttatilaunin fyrir gestaréttinum að teljast ólögleg og ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio og vísa málinu frá undirréttinum. Þar sem stefndu hafa ekki mætt hér fyrir réttinum fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur, og visast málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 64/1915.

Jóhannes H. Jóhannsson

gegn

Þórarni Guðmundssyni.